

**Nd.**

**277. Nefndarálit**

**[126. mál]**

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 10 22. marz 1960, um söluskatt, sbr. lög nr. 61 24. des. 1964, um breyt. á þeim lögum.

Frá 2. minni hl. fjárhagsnefndar.

Samkvæmt því frumvarpi, sem hér liggur fyrir, á söluskatturinn að hækka úr 7½% í 11%. Þessi hækkun á að bæta ríkissjóði þann tekjumissi, sem hann verður fyrir af lækkun tolla vegna EFTA-aðildarinnar. Í frv. er ekki fyrirhugað að undanbyggja neitt fleiri neyzluvörur söluskatti en verið hefur, en hins vegar hefur verið boðað í fjárhagsnefnd, að meiri hlutinn muni leggja til nú við 2. umræðu, að neyzlufiskur verði undanþegin söluskatti. Þrátt fyrir það er með þessu frv. stefnt að því, sem réttilega hefur verið nefnt bylting í skattamálum, þ. e. að taka upp söluskatt, sem leggst jafnt á allar vörur, í stað tolla, sem hafa lagzt misjafnt á vörur eftir því, hvað þær hafa verið taldar nauðsynlegar. Þessi gerbreyting á stefnunni í skattamálum mun bitna með mestum þunga á þeim, sem eru tekjulágir og yfirleitt geta ekki keypt annað en það, sem allra nauðsynlegast er. Hingað til hefur verið reynt að bæta aðstöðu þeirra með sem lægstum álögum á lífsnauðsynjar. Hér er horfið frá þeirri grundvallarreglu.

Í greinargerð frv. um tollskrárbreytingarnar er það svo boðað, að þetta sé aðeins upphaf þess, sem koma skal. Hér sé aðeins stigið fyrsta skrefið til að aflétta aðflutningsgjöldum. Í stað þeirra á væntanlega að koma hækkaður söluskattur, er leggst jafnt á allar vörur. Annað verður ekki ráðið af því frv., sem hér liggur fyrir.

Að dómi okkar, sem stöndum að þessu nefndaráliti, hefði átt að mæta þeirri tollalækkun, sem hlýzt af EFTA-aðild, með allt öðrum hætti. Það hefði átt að taka allt tekjuöflunarkerfi ríkisins til gagngerðrar athugunar og leitast við að byggja áfram á þeirri grundvallarreglu, að helztu lífsnauðsynjar yrðu ekkert eða sem allra minnst skattlagðar, eða álögur á þær þá bættar upp með auknum fjölskyldubótum, lífeyrisbótum eða niðurgreiðslum. Ekkert af þessu hefur verið gert, þegar það er undanskilið, að afnema á söluskatt á neyzlufiski og greiða niður 3½% hækkun söluskattsins á kindakjöti og smjöri.

Til þess að draga úr mestu rangindunum, sem hljótast munu af fyrirhugaðri hækkun söluskatts, án annarra hliðarráðstafana, leggjum við, sem stöndum að þessu nál., það til, að nokkrar helztu lífsnauðsynjar verði undanþegnar söluskatti og að fjölskyldubætur verði hækkaðar. Þá leggjum við áherzlu á, að samþykkt verði jafnhliða það frv., sem liggur fyrir þinginu um, að skattvísitalan fylgi framfærsluvísitölu. Með þessu má draga nokkuð úr verstu afleiðingum þessa frumvarps. Þetta teljum við vel mögulegt, án þess að það leiði til greiðsluhalla hjá ríkinu, og skal nánar vikið að því.

Í greinargerð tollskrárfrv. er áætlað, að tekjumissir ríkisins vegna tollalækkana þeirra, er felast í frv., verði 535 millj. króna. Þegar fjármálaráðherra gerði grein fyrir frv. við 1. umr., lækkaði hann þessa upphæð um 125 millj. kr. vegna ýmissa

ástæðna, sem hann sundurliðaði nánar. Raunveruleg tekjurýrnum ríkisins vegna tollalækkanna í frv. var því um 410 millj. kr. samkvæmt þessari áætlun fjármálaráðherra. Áætlað er, að sú tollalækkun, sem þingið samþykkir til viðbótar, verði um 30 millj. kr. Alls nemur þá tollalækkunin 440 millj. kr. samkvæmt þessum áætlunum, sem eru mjög varlegar. Í reynd mun tollalækkunin sennilega ekki verða öllu hærrí en 400 millj. kr.

Samkvæmt þessu frv. hækkar söluskatturinn um  $3\frac{1}{2}\%$ . Fjármálaráðherra upplýsti, þegar hann lagði tollskrárfrv. fyrir Alþingi, að ríkið fengi um 220 millj. kr. fyrir hvert 1% söluskattsins, miðað við þá áætlun, sem fjárlögin 1970 byggjast á. Tekjur ríkisins af söluskattshækkuninni, sem felst í frv., ættu því að verða 770 millj. kr., þegar miðað er við allt árið. Umrædd hækkun mun aðeins gilda 10 mánuði á þessu ári, og verða því tekjurnar af henni á þessu ári ekki nema 665 millj., miðað við framangreinda áætlun. Það er 225—265 millj. kr. meira en nemur tekjumissi ríkisins af tollalækkuninni. Þegar söluskattsfrv. var hér til 1. umr., taldi ráðherra, að ríkið þyrfti á þessum 225—265 millj. kr. að halda vegna útgjaldahækkana, sem voru samþykktar við 3. umr. fjárlaga. Þessa niðurstöðu fékk ráðherrann á þann hátt, að næstum allir tekjuliðir fjárlaganna eru áætlaðir lægri en líkur benda til. Flest bendir til, að árið 1970 verði mun meira veltuár en árið 1969, en við árið 1969 eru fjárlögin að mestu leyti miðuð. Vegna þeirra útgjalda, sem eru ákveðin í fjárlögunum fyrir 1970, þarf ríkið því ekki á söluskattshækkun að halda umfram það, sem tollalækkunin nemur.

Þann mismun, sem hér um ræðir, eða 225—265 millj. kr., má því alveg nota til hliðarráðstafana, er draga úr mestu rangindunum, sem af söluskattshækkuninni hljótask. Með bættri innheimtu söluskattsins, eins og lagt er til í tillögum okkar, mætti svo vafalaust auka tekjur ríkisins af honum um hundruð millj. kr. Við teljum því, að ríkinu sé vel fært af fjárhagslegum ástæðum að gera þær ráðstafanir, sem felast í tillögum okkar og Lúðvíks Jósefssonar á þingskjali 276, og skal nú gerð nánari grein fyrir því, hvað þær kosta.

Við leggjum til í fyrsta lagi, að söluskattur verði alveg afnuminn á kjöti og kjötvörum, smjöri, skyri, kartöflum, kaffi, kornvörum, rafmagni, heitu vatni og gasolíu til heimilisnota. Samkv. lauslegri áætlun Hagstofunnar rýrir þetta tekjur ríkisins um 245 millj. kr., miðað við  $7\frac{1}{2}\%$  söluskatt og allt árið. Þar sem þessi niðurfelling söluskattsins kæmi ekki til framkvæmda fyrr en 1. marz og gildi því aðeins 10 mánuði ársins, lækkar þessi upphæð í 205 millj. kr. Þá missir ríkið líka þá  $3\frac{1}{2}\%$  hækkun, sem á að verða á þessum vörum samkv. frv., og nemur sú upphæð 65 millj. kr., þegar húið er að draga frá þá niðurgreiðslu á kjötvörum og smjöri, sem fjármálaráðherra hefur boðað. Samtals verður því tekjumissir ríkisins af þessu um 270 millj. kr. á árinu 1970.

Þá leggjum við til, að fjölskyldubætur verði hækkaðar um 20%, eða sem nemur 1000 kr. á barn. Þetta mun auka útgjöld ríkisins um 75 millj. kr. Alls mun því tekjumissir og útgjaldahækkun ríkisins verða af þessum aðgerðum um 345 millj. kr.

Eftir er hins vegar að geta þess, að hækkun fjölskyldubótanna og niðurfelling söluskattsins á umræddum vörum mun lækka vísitöluna um 3 stig, en það svarar til 50—60 millj. kr. útgjaldalækkunar hjá ríkinu. Raunverulega mun því útgjaldaaukning og tekjumissir ríkisins af þessum ráðstöfunum ekki verða nema um 285—295 millj. kr. á árinu 1970.

Með þeim tillögum, sem fluttar eru á þingskjali 276, vinnst m. a. tvennt:

Í fyrsta lagi er dregið úr mestu rangindunum, sem felast í þeirri stefnubreytingu í skattamálum að láta söluskatt, sem leggst jafnt á allar vörur, koma í stað tolla, sem leggjast misjafnt á vörur eftir því, hve nauðsynlegar þær eru. Með því að undanþiggja nokkrar helztu lífsnauðsynjar söluskatti og auka fjölskyldubætur er bætt aðstaða þeirra, er hafa minnstar tekjur og þyngst framfæri. Þá er það ávinningur fyrir landbúnaðinn að undanþiggja afurðir hans söluskatti, en sökum sívaxandi dýrtíðar og kjaraskerðingar er nú svo komið, að dregið hefur verulega úr

sölu ýmissa landbúnaðarvara að undanfögnu. Það er jafnt hagsmunamál bænda og neytenda að undanþiggja þessar vörur söluskatti.

Í öðru lagi er með verðlækkun og auknum fjölskyldubótum hamlað gegn hækkun framfærsluvísitölnunnar og þannig stigið nokkurt skref í þá átt að draga úr verðbólguvextinum. Hvert nýtt vísitölustig, sem bætist við framfærsluvísitöluna, eykur útgjöld atvinnurekstrarins í landinu um 110 millj. kr. á ári, þegar rekstur hins opinbera er talinn með. Atvinnuvegirnir vinna þetta upp með hækkun verðlagsins, en það leiðir svo aftur til nýrra kauphækkana og þannig koll af kolli. Þess vegna þarf að kappkosta að halda verðlaginu sem stöðugustu, — og þar með framfærsluvísitölunni, — m. a. með ráðstöfunum eins og þeim, sem hér er lagt til að verði gerðar. Þetta hefur verið kappkostað í öðrum Eyrópulöndum á nýliðnum áratug, enda þróunin orðið þar á allt annan og betri veg en hér.

Með framangreindum ráðstöfunum, ásamt því að tengja skattvísitöluna við framfærsluvísitöluna, væri hægt að tryggja launþegum nokkrar kjarabætur. Ef þessar ráðstafanir fengjust fram, þyrftu þeir ekki að knýja fram eins miklar kauphækkanir og ella, þegar til samninga kemur við atvinnurekendur á komandi vori. Með þessu væri stefnt að því að draga úr verðbólguvextinum og treysta gjaldmiðilinn. Verði hins vegar söluskatturinn hækkaður án framangreindra ráðstafana og skattvísitalan ekki leiðrétt, hlýtur verðbólguvöxturinn enn að aukast og skammt að verða til næstu gengisfellingar. Þá væri enn fylgt áfram þeirri stefnu, sem leitt hefur til fjögurra gengisfellinga á einum áratug.

Alþingi, 26. jan. 1970.

Þórarinn Þórarinsson,  
frsm.

Vilhjálmur Hjálmarsson.